

1873.

1873.

4. janúar.

1. Reikningsyfirlit yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. 1871 til 31. marzmán. 1872. (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora særlegu hylli!

Vér veitum þér hërmeð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbræfi þessu, að láta kunngjöra almenningi reikningsyfirlit það, sem hërmeð fylgir, yfir tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílmán. 1871 til 31. marzmán. 1872, sem gjört er í dómsmálastjórn Vorri, og sem Vér allramildilegast höfum staðfest.

Eptir þessu átt þú þér þegnlega að hegða.

Felandi þig guði!

Ritað á Amaliuhöll, 4. dag janúarmánaðar 1873.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

C. S. Klein.

Til

dómsmálaráðherra Vors.

1873.

4. janúar.

Útgjöld.

[illegible]

Athugasemd.		1873.
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1871	18,016 30	4. janúar.
Tekjur við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhags- áætlun	18,788. 52	
Tekjur við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjár- hagsáætlun og á að borga út aptur	82,512. 79	
	119,317. 65.	
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn samkvæmt fjárhags- áætlun	72,683. 26	
Útgjöld við jarðabókarsjóðinn, sem eigi eru á fjárhagsáætlun og sem verða endurgoldin aptur 21,640. 28	94,323. 52	
Í jarðabókarsjóðnum 31. marz 1872	24,994. 13 ¹	

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 11. janúar. norður- og austurumdæminu, um uppreist á æru.

Eftir að vèr með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 9. oktrm. f. á., höfðum fengið ítarlegri skýrslur um bænarskrá nokkra, þar sem Jón bóndi Pétursson á Grindum sækir um uppreist æru sinnar, hefir dómsmálastjórnin borið málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast 18. f. m. allramildilegast, að veita tæðum Jóni Péturssyni uppreist á æru, eins og hann hafði sókt um.

Þetta gefum vèr yður, herra amtmaður, til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það hlutadeiganda, og mælumst vèr til, að þér fáið honum leyfisbréf það, sem með fylgir.

¹) Athugasemdirnar við þetta „reikningsyfirlit“, sem eru einungis á Dönsku, eru islenzkaðar í Skýrslum um landshagi á Íslandi V., 527—549, og þar við tengdar nokkrar skýringar (sst. bls. 550-552).